

Árneshreppskortið komið út aftur. Kveðja kom frá Ingibjörgu Valgeirsdóttur þar sem hún þakkar fyrir framlag Árneshrepps vegna endurprentunarinnar. Hreppsnefnd er sömuleiðis mjög ánægð með samstarfið Fundur er boðaður í hreppsnefnd Árneshrepps miðvikudaginn 12.ágúst 2020 kl. 14:00, á skrifstofu hreppsins í Norðurfirði.

Dagskrá fundarins;

1. Skýrsla frá Fjórðungssamb. Vestfirðinga og Vestfjarðastofu varðandi framtíðarhorfur á Vestfjörðum, lögð fram til kynningar og umræðu.
2. Leitarseðill haustið 2020.
3. Bréf til Vegagerðarinnar varðandi úrbætur á Norðurfjarðarhöfn.
4. Mál varðandi hugsanlegar tekjur af húsnæði sveitarfélagsins.
5. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, rannsókn á neysluvatni í sveitarfélaginu.
6. Bréf til Orkubús Vestfjarða varðandi uppsetningu rafhleðslustöðvar og um þrífösun.
7. Árneshreppskortið komið út aftur.

1- Skýrsla frá Fjórðungssamb. Vestfirðinga og Vestfjarðastofu varðandi framtíðarhorfur á Vestfjörðum, lögð fram til kynningar og umræðu. Hreppsnefnd samþykkti fylgjandi ályktun og mun senda hana til Fjórðungssambandsins, Vestfjarðastofu og Landsnets „Hreppsnefnd Árneshrepps telur mjög brýnt að haldið verði til streitu áformum um virkjun Hvalár og vill að lögð verði þung áhersla á það mál af hálfu Fjórðungssambandsins og Vestfjarðastofu. Atvinnuuppbygging á Vestfjörðum hefur liðið mikið fyrir skort á raforku og því með öllu óásættanlegt að málum sé sífellt frestað og sett í biðstöðu. Nú á tímum orkuskipta er enn brýnna að flýtt verði framkvæmdum og hreppsnefnd hvetur Landsnet til að flýta sem mest vinnu og áætlunum um ný tengivirki í Ísafjarðardjúpi, í Kollafirði og hönnun línustæða eftir því sem við á“.

2-Leitarseðill haustið 2020. Leitir og réttardagar voru ákveðnir og verður leitarseðillinn sendur á öll heimili í sveitinni við fyrsta tækifæri. Hann mun ennfremur verða birtur á fréttavefnum Litla-Hjalla og á Árneshreppur.is

3-Bréf til Vegagerðarinnar varðandi úrbætur á Norðurfjarðarhöfn. Nú liggur fyrir heildar kostnaður vegna viðgerða á hafnarmannvirkjum í Norðurfirði eftir síðasta vetur og liggur hann nálægt 2 milljónum kr. Send verða myndbönd til

4-Vegagerðarinnar þar sem sést hvernig aðstæður eru í vöndum veðrum. Hreppsnefnd ákvað að reyna að fá úrbætur í þessum málum strax í haust og vonast verður eftir að Vegagerðin sjái hve nauðsynlegt er að grípa strax til aðgerða

5-Mál varðandi hugsanlegar tekjur af húsnæði sveitarfélagsins. Hreppsnefnd talaði um ýmsa kosti varðandi leigu og tekjur af húsnæði hreppsins sem áfram verður unnið með.

6-Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, rannsókn á neysluvatni í sveitarfélaginu. Farið var yfir útkomu á sýnatökum í hreppnum og að flestu leiti er allt í góðum málum.

7-Bréf til Orkubús Vestfjarða varðandi uppsetningu rafhleðslustöðvar og um þrífösun. Hreppsnefnd undirritaði bréfið sem sent verður til Orkubúsins hið fyrsta.Norðurfirði 7.ágúst 2020,

8-Árneshreppskortið komið út aftur. Kveðja kom frá Ingibjörgu Valgeirsdóttur þar sem hún þakkar fyrir framlag Árneshrepps vegna endurprentunarinnar. Hreppsnefnd er sömuleiðis

mjög ánægð með samstarfið.
Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 15:30.